

# ÍSLENSKÆTTLEIÐING

Sumardagurinn 2012



## Gleðilegt sumar og bestu þakkir fyrir ÍÆ

Sameinaðir stöndum vér..

Í tilefni af sumardeginum fyrsta sendir stjórn Íslenskrar ættleiðingar öllum félagsmönnum bestu óskir um gleðilegt sumar og þakkar fyrir veturinn sem er að líða.

En fyrsti sumardagur er ekki eina ástæðan til að senda félagsmönnum kveðju.

Undanfarið hafa málefni félagsins verið í nokkru ölduróti opinberrar umræðu í öllum helstu fjölmiðlum landsins. Aðstæður félagsins voru orðnar þannig að ekki var annað hægt en opinbera samræðuna sem staðið hefur árangurslaust yfir við stjórnvöld í þrjú ár.

Fyrir þá sem staðið hafa í brúnni í stjórn félagsins og þau sem sinna daglegum störfum á skrifstofu okkar var félagsfundurinn 28. mars sérlega eftirminnilegur og hvetjandi.

Fundurinn var bæði mjög fjölmennur og einhugurinn sterkur og eindreginn. Ekkert okkar hefði getað staðið í þeim hræringum sem við höfum verið í ef samstaðan hefði ekki verið svona góð.

Eftir að samfélagsumræðan hófst af krafti um stöðu ÍÆ skortir heldur ekkert á að félagsmenn láti vita af stuðningi sínum. Félagar hafa mikið haft samband við skrifstofuna og stjórnarmenn. Skilaboðin eru öll á einn veg, jafnvel þó að í þrengingum okkar hafi þurft að taka ákvarðanir sem tafið geta umsóknarferli sumra félagsmanna.

Félagsmenn hafa sett sig í samband við okkur og boðist til að koma fram í fjölmiðlum til að skýra frá aðstæðum sínum, félagar senda póst með stuðningi og hvatningu og vilja sumir leggja sitt af mörkum.

Einn pósturinn var svona: "...mig langar að segja ykkur að við hjónin styðjum ykkur svo fullkomlega í fjárhagsbaráttunni við stjórnvöld núna. Það er slæmt að þetta bitni á hugsanlega verðandi foreldrum, en það er hins vegar eina leiðin til að sýna fram á alvarleika stöðunnar og okkur finnst þið vera að gera rétt í öllu því sem þið nú eruð að gera til að vekja athygli og reyna að bæta stöðu félagsins okkar."

Annar póstur var með þessum skilaboðum: "...ég á ættleidda dóttur frá Kína og sá í fréttum í kvöld að staða félagsins er afleit og tekur mig sárt að hugsa til þeirra sem eru í ættleiðingarstillingum... ..og get ekki annað en velt því fyrir mér hvort við getum stutt við félagið með einhverjum hætti..."

**Takk fyrir frábært félag, félagar!**

# Góðu fréttirnar

sem við elskum að segja

eru til dæmis þessar

## Samningur við Rússland

**gengur vel**

Vel gengur að vinna drög að ættleiðingarsamningi við Rússland. Eins og komið hefur fram hefur utanríkisþjónustan með ráðherrann í broddi fylkingar beitt sér af krafti hér innanlands og í samræðum við rússneska ráðamenn. Drög að samningi hafa nú verið rituð í Innanríkisráðuneytinu og mun fulltrúi þaða fara á næstunni til Rússland til ráðagerða með kollegum sínum þar.

## Samskipti við Tógó lofa góðu

**Góð heimsókn í janúar**

Ísland hefur gert ættleiðingarsamning við Tógó og er landið fyrsta Afríkuríkið sem við semjum við. Ísland er jafnframt fyrst Norðurlandanna til að semja við Tógó. Í janúar fóru fulltrúar ÍÆ til Tógó og funduðu með ættleiðingaryfirvöldum, heimsóttu barnaheimili og skoðuðu aðstæður og aðbúnað barnanna. Mikil ánægja er með ættleiðingarsamninginn, hin Norðurlöndin fylgjast grannt með og við vonumst til að geta veitt munaðarlausum börnum frá Tógó fjölskyldur. Fimm umsóknir frá íslenskum fjölskyldum eru nú í Tógó. Þær fyrstu fóru út fyrir rúmlega ári síðan.

## Einhleypir geta ættleitt að nýju

**Hliðarlistar liðin tíð**

Til skamms tíma áttu einhleypir ekki kost á að ættleiða erlendis frá. Eftir að reglur breyttust í Kína í ársbyrjun 2007 var talið að ÍÆ gæti ekki sent umsóknir frá einhleypum til nokkurs lands og var umsóknum þeirra því raðað á svokallaðan hliðarlista. Við nánari skoðun á reglum upprunaríkja og heimsókn til Kólumbíu var ákveðið leggja hliðarlistann niður. Fyrsta umsóknin frá einhleypri konu fór til Tékklands í fyrra en þá hafði ÍÆ ekki annast slíka milligöngu síðan 2007. Nú eru umsóknir frá einhleypum í Tógó, Tékklandi, Kína og Kólumbíu.

## Fundur með Allsherjarnefnd

**Góð og gagnleg kynning**

Þriðjudaginn 17. apríl voru formaður og framkvæmdastjóri ÍÆ boðaðir á fund Allsherjarnefndar Alþingis. Fundurinn stóð yfir í rúma klukkustund og var upplýsandi fyrir þá þingmenn sem skipa nefndina en þeir voru áhugasamir um ættleiðingarmálaflokkinn og spurðu margs. Óhætt er að segja að fundurinn hafi verið ánægjulegur en rétt er að minna á að fjárveitingarvald liggur ekki hjá nefndinni.

## Fjögur börn komin heim á árinu

**Ekkert bendir til fækkunar**

Ættleiðingar það sem af er árinu hafa gengið ágætlega eins og undanfarin ár. Börnin sem eru komin heim eru nú þegar orðin fjögur og ekkert bendir til þess að um verulega fækkun verði að ræða á þessu ári. Börnin sem eru komin heim eru þrjú frá Kína og eitt frá Tékklandi.

## Öflugt passtarf undanfarna mánuði

**Fjölsóttir fræðslufundir**

Undanfarnar vikur og mánuði hafa verið haldnir fjölmennir fræðslufundir hjá félaginu sem skipulagðir hafa verið af skrifstofu okkar. Í febrúar sögðu mæðgurnar Hrafnhildur Míng og Þórunn Sveinbjarnardóttir frá ferð sinni til Kína í haust. Í mars fjallaði Heiða Hraunberg Þorleifsdóttir um ritgerð sína um ættleiðingarþunglyndi og í apríl fjölluðu Málfríður Lorange og Dagbjört B. Sigurðardóttir um rannsókn sína á afdrifum barna á Íslandi sem eru ættleidd erlendis frá.

## Útilega ÍÆ 2012 13. til 15. júlí

**í Brautartungu Lundareykjadal**

Ratleikur, pylsugrill, nammikarlínn, sameiginlegt kvöldgrill, diskó - sameiginleg hamingja.

“...Fyrsta umsóknin frá einhleypri konu fór til Tékklands í fyrra en þá hafði ÍÆ ekki annast slíka milligöngu síðan 2007 ...”

“... Fimm umsóknir frá íslenskum fjölskyldum eru nú í Tógó ...”

“... Vel gengur að vinna drög að ættleiðingarsamningi við Rússland....”

